



Alþingi
Erindi nr. Þ 139/920
komudagur 10.12.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. félags- og tryggingamálanefndar

Reykjavík 10. desember 2010

Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

1011010SA TP
Málalykill: 401

Efni: Frv. um breyt. á lögum um atvinnuleysistryggingar o.fl. – 339. gr.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. í gær, þar sem óskað er umsagnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál.

Gera verður athugasemd við það hve stuttur frestur er gefinn til umsagnar um málið. Tekið skal fram að breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, sbr. I. kafla frv. hafa þó verið til skoðunar um nokkra hríð, m.a. á vettvangi starfshóps á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis. Fulltrúar sambandsins hafa átt þess kost að fylgjast með þeirri vinnu. Þá hefur stjórn sambandsins hvatt til þess að réttur atvinnulausra til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði verði lengdur í fimm ár, sbr. bréf sambandsins til félags- og tryggingamálaráðuherra dags. 2. júlí 2010.

Lenging á bóatímabili

Samband Íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir eindregnum stuðningi við tillögur 3. gr. frv. sem fela í sér að sá sem tryggður er skv. lögum nr. 54/2006, og hefur í fyrsta skipti fengið greiddar atvinnuleysisbætur frá og með 1. maí 2008, eða síðar, geti átt rétt á greiðslu atvinnuleysisbóta í tólf mánuði til viðbótar frá þeim degi er þriggja ára tímabili skv. meginákvæðum laganna lýkur. Ennfremur telur sambandið það jákvætt að ávinnsla endurnýjaðs réttar til innan atvinnuleysistryggingakerfisins verði með þeim hætti sem gert er ráð fyrir.

Leggja ber sérstaka áherslu á rökstuðning fyrir þessum tillögum sem fram kemur í skýringum við 3. gr. frv. en þar er greint frá því að um það bil tvö þúsund einstaklingar muni tæma bótarétt sinn á árinu 2011 verði ekkert að gert. Minnt er á að þetta ástand er því miður ekki bundið við árið 2011. Má telja ljóst að bið verði á því að sú stórfellda aukning atvinnuleysis sem varð í kjölfar efnahagsáfalla ársins 2008 byrji að ganga til baka svo einhverju nemi. Af þeirri ástæðu gerði stjórn sambandsins, þá tillögu sem fyrr greinir, að lenging bóatímabilsins nú yrði úr þremur árum í fimm og þannig horfið aftur til þeirrar meginreglu sem var við lýði fram til ársins 2006. Var talið mikilvægt, bæði með tilliti til stöðu þeirra sem glíma við atvinnuleysi og hagsmuna sveitarfélaganna, að hafa stjórn á því þegar stórir hópar fara á milli opinberra framfærslukerfa.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er þetta skref einungis stigið til hálfis og telur sambandið einsýnt að málið verði áfram til skoðunar fram eftir næsta ári, með tilliti til þess hvort hliðstæð lenging verði aftur lögð til vegna ársins 2012.



Framlengingu og breyting á ákvæðum um hlutfallslegar atvinnuleysisbætur

Af hálfu sambandsins er ekki gerð athugasemd við tillögur í 1. og 2. gr. frv. en tekið er fram að sjónarmið sem reifuð eru hér að framan um óvissu og bið eftir umskiptum á innlendum vinnumarkaði, geta eins átt við um þessar tillögur, eins og raunar vikið er óbeint að í skýringum.

Breyting á lögum um málefni aldraðra

Sambandið styður þá tillögu sem fram kemur í 4. gr. frv.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs